um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grýtubakkahreppi jörðina Grenivík, eyðibýlið Svæði og nýbýlið Höfðabrekku og Borgarneshreppi hluta af landi Borgar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 11. apríl.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu jarðirnar Grenivík (að undanteknum 7 ha., sem eru eign hafnarsjóðs), Svæði og Höfðabrekku í sama hreppi.

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að selja Borgarneshreppi þann hluta lands Borgar í Borgarhreppi, sem er sunnan þjóðvegarins vestur á Snæfellsnesi.

Náist ekki samkomulag um söluverð, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.